



**Ferðamálastofa**

Lækjargata 3 • 101 Reykjavík  
Sími 535 5500 Fax 535 5501  
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Strandgata 29 • 600 Akureyri  
Sími: 464 9990 Fax: 464 9991  
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Skrifstofa Alþingis  
Bt. Nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Alþingi**  
**Erindi nr. P {38/132**  
**komudagur 13.11.2009**

Akureyri, 13. nóvember 2009

**Umsögn Ferðamálastofu við frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipan ferðamála nr. 73/2005**

**Þskj.: 68**

**Mál: 68. mál.**

**Sendandi:** Helena Þ. Kalsdóttir, lögfræðingur Ferðamálastofu

**Dags.:** 13. nóvember 2009

## **Umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipan ferðamála nr. 73/2005**

1)

### **1. gr. frumvarpsins**

B. liður *Ferðaskrifstofa* eða *ferðaskipuleggjandi sem hefur leyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins* skal tilkynna starfsemi sína til Ferðamálastofu og leggja fram viðeigandi gögn um starfsemi sína. Ferðamálastofa metur hvort starfsemi leyfishafa sé í samræmi við ákvæði laga sem um slíka starfsemi gilda.

Athugasemdir:

1. Lagt er til að við 1. ml. bætist „og hyggst stunda starfsemi á Íslandi“. Setningin hljóði þá svo: Ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi sem hefur leyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins og hyggst stunda starfsemi hér á landi skal tilkynna starfsemi sína til Ferðamálastofu og leggja fram viðeigandi gögn um starfsemi sína.
2. „Viðeigandi gögn“ Nauðsynlegt er að löggjafinn tilgreini hvaða gögn séu viðeigandi og hvort heimilt sé að kalla eftir þýðingum á gögnum. Ef erlendar ferðaskrifstofur geta skilað inn erlendum gögnum þá er ekki öruggt að hægt sé að meta hvort starfsemi leyfishafa sé í samræmi við ákvæði laga um skipan ferðamála og að samræmi verði í framlagningu gagna. Gögnin geta orðið matskennd og ekki er útilokað að mismunandi kröfur verði gerðar til ferðaskrifstofa þar sem mismunandi reglur geta verið eftir löndum. Breytingin getur einnig haft í för með sér útgjaldaaukningu fyrir Ferðamálastofu, en um verulegar fjárhæðir getur verið um að ræða, þar sem fara þarf í að þýða reglur allra EES ríkja um leyfismál ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofa til að hægt verði að meta hvort starfsemi hins erlenda leyfishafa samræmist ákvæðum laga sem um slíka starfsemi gilda.



3. Ljóst verður að vera hvort erlend fyrirtæki þurfi að skrá fyrirtækin sín á Íslandi eða ekki og þ.a.l. fá íslenska kennitölu. Spurning er hvar hin erlenda ferðaskrifstofa geri upp rekstur sinn. Nauðsynlegt er að hin erlenda ferðaskrifstofa hafi íslenskan tengilið.
4. Huga þarf að fyrirkomulagi tryggingar erlendra ferðaskrifstofa. Í síðustu setningu athugasemda með frumvarpinu kemur fram að ferðaskrifstofur erlendis þurfi ekki að leggja fram tryggingar á Íslandi ef þær geta sýnt fram á með fullnægjandi hætti að þær tryggingar sem þær hafa lagt fram í öðru EES-riki fullnægi skilyrðum íslensku laganna. Þessi skilningur er varhugaverður hvað varðar neytendaverndina. Hvernig verður framkvæmdin ef hin erlenda ferðaskrifstofa verður gjaldþrota? Hvernig er hægt að tryggja það að Ferðamálastofa fái vitneskju um gjaldþrot hinnar erlendu ferðaskrifstofu? Hvaða yfirvald (Íslenska eða erlenda) fer með umsýslu tryggingarfjárins (innköllun krafna, mat þeirra og útborgun)? Hvert eiga íslenski neytendur að beina kröfum sínum? Verður öruggt að þar til bært yfirvald í heimaríkinu kalli eftir kröfum á Íslandi? Hvemig fer með endurskoðun tryggingarfjárins og er það endurskoðað árlega eins og er á Íslandi. Er það tryggt að heimaríki ferðaskrifstofunnar taki tillit til starfsemi hennar á Íslandi við mat á tryggingarfjárhæð?  
Á Íslandi leggur hver ferðaskrifstofa fram tryggingu og er hún bundin við ferðaskrifstofuna. Það þekktist í öðrum löndum að einn tryggingasjóður er fyrir hendi fyrir allar ferðaskrifstofur.  
Framkvæmdin á Íslandi er sú að verði ferðaskrifstofa gjaldþrota þá fellir Ferðamálastofa leyfið úr gildi og birtir áskorun um kröfulýsingu í Lögbirtingablaði. Í áskorun skal skora á viðskiptavini að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarfé innan 60 daga frá birtingu áskorunar. Með kröfulýsingum skulu fylgja nauðsynleg sönnunargögn um kröfuna, svo sem farseðlar og kvittanir. Ferðamálastofa ákveður hvaða gögn eru fullnægjandi sem sönnun um kröfu. Ákvörðunum Ferðamálastofu má skjóta til iðnaðarráðuneytisins.
5. Jákvætt er að erlendar ferðaskrifstofur í EES-riki geti tilkynnt starfsemi sína æskilegt væri að þær hliti sömu skilyrðum og innlendar ferðaskrifstofur
6. Í niðurlagi 1. gr. athugasemda við einstaka greinar frumvarpsins segir: „Telja verður að með því að Ferðamálastofa gangi úr skugga um að ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur á EES-svæðinu sem hyggjast stunda þjónustustarfsemi hér á landi uppfylli að minnsta kosti þær kröfur sem gerðar eru til alferða sé öryggi neytenda tryggt með fullnægjandi hætti“. Ekki er ljóst hvað átt er þarna við þar sem ferðaskipuleggjendur koma hvergi að sölu alferða og lögin um alferðir eiga ekki við um ferðaskipuleggjendur heldur einungis við um ferðaskrifstofur sem selja alferðir. Einnig má geta þess að framkvæmd laganna um alferðir heyrir ekki undir Ferðamálastofu heldur Neytendastofu.

2)

## **2. gr. frumvarpsins**

### **A. liður - Brottfall staðfestingar endurskoðanda á forsendum áætlana skv. 3. ml. 1. mgr. 18. gr.**

Athugasemd:

Með brottfalli staðfestingar endurskoðanda á áætlunum er ekki hægt að ganga út frá því visu að áætlanir umsækjanda um ferðaskrifstofuleyfi séu réttar. Einnig er opnað



fyrir þann möguleika að umsækjendur leggi fram óraunhæfar áætlanir til þess eins að komast hjá hærri tryggingum. Hérna er spurningin um öryggi neytenda um að ferðaskrifstofa geti staðið við skuldbindingar sínar.

Á hinn bóginn leiðir breytingin til lækkunar á kostnaði fyrir umsækjanda um ferðaskrifstofuleyfi þar sem hann þarf ekki að kaupa þjónustu endurskoðanda.

**B. liður - 2. ml. 2. mgr. 18. gr. „heimild til að leita umsagnar endurskoðanda“.**

Athugasemdir:

Það er mat Ferðamálastofu í ljósi reynslunnar að núgildandi ákvæðið eigi að vera óbreytt og það verði áfram skylda stofnunarinnar að leita umsagnar endurskoðanda. Eins og staðan er í dag er töluvert um það að endurskoðandi Ferðamálastofu geri athugasemdir við áætlanir umsækjenda um ferðaskrifstofuleyfi sem krefjast úrbóta og jafnvel nýrra gagna en það fer eftir alvarleika athugasemdanna.

Fari breytingin í gegn er líklegt að Ferðamálastofa nýti sér heimildina í öllum tilvikum og leiti umsagnar endurskoðanda og gæti þar með jafnræðis milli umsækjenda enda felur endurskoðunin í sér kostnað fyrir umsækjendur. Ferðamálastofa má ekki mismuna umsækjendum um hver eigi að bera kostnað og hver ekki. Annað hvort er því að senda gögn allra umsækjenda sendar til endurskoðanda Ferðamálastofu eða engra. Til að gæta neytendaverndar þá mun heimildin til að leita umsagnar sennilega verða nýtt í öllum tilvikum.

Fari breytingin í gegn þyrfti að vera fyrirvari um að framlögð gögn og áreiðanleiki þeirra sé alfarið á ábyrgð umsækjanda. Það kann að koma í veg fyrir kröfur/skaðabótaskyldu ríkisins ef ferðaskrifstofa verður gjaldþrota og ákvörðun um fjárhæð ábyrgðartryggingar hefur byggst á ófullnægjandi gögnum.

Sú þekking á endurskoðun eins og krafan er skv. núgildandi ákvæði er ekki til hjá Ferðamálastofu og þ.a.l. má reikna með að lengri tíma taki að ákvarða um tryggingarfjárhæð ef skoðun ársreikninga verður alfarið hjá Ferðamálastofu.

Verði staðfesting endurskoðanda umsækjanda á áætlunum vegna umsóknar um ferðaskrifstofuleyfi með vísan til a-liðar 2. gr. frumvarpsins felld brott verður enn meiri þörf fyrir umsögn endurskoðanda Ferðamálastofu.

**C. liður – ársreikning áritaðan í stað endurskoðaðan ársreikning í 1. ml. 3. mgr. 18. gr.**

Athugasemd:

Mjög þarft mál að breyta þessu ákvæði til samræmis við almennar kröfur um skil á ársreikningum. Meirihluti þeirra ársreikninga sem berast Ferðamálastofu er áritaður. Ferðamálastofa hefur í einhverjum tilvikum tekið við árituðum ársreikningum þrátt fyrir áskilnað um endurskoðun. Það eru einna helst stærri ferðaskrifstofurnar sem skila inn endurskoðuðum ársreikningi. Einfaldar til muna alla málsmeðferð og sparar ferðaskrifstofum kostnað við endurskoðun sem getur verið mjög mikill.

**D. Liður – að fenginni umsögn löggilts endurskoðanda skv. 2. ml. 3. mgr. 18. gr.**

Athugasemd:

Samanber athugasemd í lið B.



3)

### 3. gr. frumvarpsins

#### Gildistaka laganna.

Ekki er gerð athugasemd við greinina en vert er að minnast á að ekki er útlokað að athugasemdir berist frá þeim ferðaskrifstofum sem nú þegar eru búnar að skila inn gögnum og leggja út í kostnað við endurskoðun ársreikninga.

4)

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

a. Sagt er í lokasetningu athugasemdanna „Í þessu felst jafnframt að viðkomandi ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa þarf að leggja fram tryggingar hertendis, nema hann sýni fram á með fullnægjandi hætti að þær tryggingar sem hann hefur lagt fram í öðru EES ríki fullnægi skilyrðum íslensku laganna“.

Vakin er athygli á að ferðaskipuleggjendur þurfa ekki að leggja fram tryggingar skv. lögnum um skipan ferðamála. Það eru einungis ferðaskrifstofur sem þurfa að leggja fram tryggingar en þær skulu hafa tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem viðskiptavinur hefur greitt vegna alferðar sem enn er ófarin og til heimflutnings viðskiptavinar úr alferð, hvort sem hann er innan lands eða erlendis, komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu. Trygging skal einnig ná til þess að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflega áætlun hennar, 2. mgr. 14. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála.

Orðalagið, eins og það er, kann að valda misskilningi því það má skilja það þannig að ferðaskipuleggjendur þurfi einnig að leggja fram tryggingar.

5)

#### Aðrar athugasemdir

Borið hefur á því að ferðaskrifstofur trassi að skila inn gögnum vegna endurskoðunar tryggingarfjárhæðar eða trassi það að skila ábyrgðum. Þvingunarúræði Ferðamálastofu eru nokkur en þau eru þung í vöfum og seinvirk. Ferðamálastofa þyrfti að hafa heimild til að leggja á álögur eftir ákveðinn tíma ef skil frestast. Það myndi líklega þrýsta á ferðaskrifstofur að skila á réttum tíma.

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund iðnaðarnefndar til frekari skýringa á fyrirkomulagi leyfismála á Íslandi ef eftir því verður óskað.

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálastofu

Helena Þ. Karlsdóttir, lögfræðingur



Félags löggiltra endurskoðenda

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 138/97**  
**komudagur 11.11.2009**

Reykjavík 11. nóvember 2009  
Tilv. FLE 33-2009

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**b/t Kristjönu Benediktsdóttur**

**Málefni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um skipan ferðamála,  
nr 73/2005 68.mál.**

Með tölvupósti dags. 4. nóvember s.l. óskaði Iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið síðan til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigríður B. Arnþórssen  
Framkvæmdastjóri FLE

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, iðnaðarnefnd  
vt. Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. nóvember 2009 02-2009110045  
T-ums 39/09


**Umsögn ríkisskattstjóra vegna frumvarps til laga um breyting á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005 - 68. mál, þskj. 68.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 4. nóvember 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005 - 68. mál, þskj. 68.

Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að breytingarnar lúti annars vegar að innleiðingu tilskipunar 2006/123/EB um þjónustuviðskipti og hins vegar að málsmeðferð Ferðamálastofu við mat á fjárhæð trygginga og framlagningu gagna.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún Jenný Jónsdóttir